

Líffræði 8. og 9. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

8, 9

Lýsing

Í þessari lotu verður farið í líffræði. Fjallað verður um ljóstíllifun og bruna, vistfræði, umhverfismál, erfðafræði og þróun.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, kannanir, verklegar æfingar, vettvangsferðir, fræðslumyndir, efniskönnun, heimildarvinna og umræður.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður heimavinna, bæði verkefnavinna og skýrslugerð, auk þess sem ástundun, viðleitni í tímum, verkefni, fyrirlestrar, ritgerð, skýrslur og kannanir verða metnar.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk

- **Hæfni á námssviði**

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Að búa á jörðinni

- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.
- Útskýrt breytingar á landnotku og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Lífsskilyrði manna

- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillifun og bruna og gildi þeirra.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- Þekki og geti útskýrt einföld dæmi um það hvernig eiginleikar erfast milli kynslóða.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.
- Þekki helstu hugtök erfðafræðinnar eins og litningur, gen og DNA.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.
- Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.

VHLS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. og 9. bekk - Vinnubrögð og færni

- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.

NÁMSEFNI/GÖGN



Maður og náttúra

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/madurognattura/>)



Heimir - handbók um heimildaritun

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimirapa/>)